

**34. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
2. mars 2016 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1410137 - Mannréttindastefna - samráðshópar

Lögð fram drög að erindisbréfum fyrir samráðshópa um málefni innflytjenda, aldraðra og fatlaðra sbr. bókun ráðsins á 33. fundi.

Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir drög að erindisbréfum. Sviðsstjóra falið að leita umsagna hagsmunaaðila.

2. 1602238 - Áskorun vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar

Í tölvupósti frá 24. febrúar upplýsa Landssamtökin Þroskahjálp um áskorun átta félagasamtaka sem vinna í þágu barna og unglunga á stjórnvöld að bregðast við þeim athugasemdum sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga. (sjá <http://www.throskahjalp.is/is/samtokin/frettir/askorun-vegna-skyrslu-rikisendurskodunar>)

Lagt fram til kynningar.

3. 1510065 - Capacent könnun - þjónusta sveitarfélaga 2015

Kynning á niðurstöðum könnunar Capacent á viðhorfum íbúa til þjónustu sveitarfélagsins 2015 á velferðar- og mannréttindasviði.

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir að gerð verði þjónustukönnun meðal notenda og aðstandenda. Ráðið felur sviðsstjóra að kanna kostnað og óska eftir fjárheimild til bæjarráðs.

4. 1602270 - Trúnaðarmál

5. 1602239 - Trúnaðarmál

6. 1602241 - Trúnaðarmál

7. 1602240 - Trúnaðarmál

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir
Einar Brandsson
Gunnhildur Björnsdóttir
Sveinborg Kristjánsdóttir*